

Dalvíkurbyggð
Ráðhús
620 Dalvík

Garðabær, 12. maí 2025
202504-0050/P.V.B.
08.04

Efni: leyfi til framkvæmda - stígagerð í fólkvanginum í Böggvisstaðafjalli

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Dalvíkurbyggðar, dagsett 3. apríl 2025, um leyfi til framkvæmda innan Böggvisstaðafjalls.

Böggvisstaðafjall er friðlýst sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 265/2011](#). Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir í fólkvanginum eru háðar leyfi Dalvíkurbyggðar og Náttúruverndarstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun en svæðið er skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að byggja upp stíg er liggur upp úr suð-vestur horni Skógarhóla og upp að innganginum í skógreitinn Bögg. Stígurinn er u.p.b. 290 metra langur og þverar einn skurð. Fyrirhuguð eru jarðvegsskipti, jöfnun og drenun þar sem þarf. Áætlað er að breikka stíginn í allt að 3 metra og koma upp lágri göngustígalýsingu. Stígurinn yrði malbikaður. Mögulega þarf að koma upp betri þverun yfir skurð ofan Skógarhóla. Við framkvæmdina yrðu notaðar litlar og netta vinnuvélar. Flutningur á malarefni færi fram með stórum vörubílum en þess gætt að þeir keyri einungis eftir stígstæðinu. Áætlað er að hefja framkvæmdirnar árið 2025 og þeim yrði lokið árið 2027.

Áhrifamat:

Fyrirhuguð stígagerð er áætluð á núverandi stíg og þar með á þegar röskuðu landi. Náttúruverndarstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins. Mat stofnunarinnar er að fallegur og vel gerður stígur getur haft jákvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir truflunum á framkvæmdartíma en til lengri tíma litið muni framkvæmdin hafa jákvæð áhrif á gesti svæðisins og bæta aðgengi að svæðinu að mati stofnunarinnar.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Dalvíkurbyggð fyrir sitt leyti leyfi fyrir stígagerðinni innan fólkvangsins í Böggvistaðafjalli sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31 desember 2027 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Mannvirkið skal falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Við uppgræðslu á köntum stígsins og öðrum svæðum sem raskast skal notast við staðargróður.
- Einungis skal aka vinnuvélum og vörubílum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Lára Björnsdóttir
svæðissérfræðingur